



Alþingi - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, þriðjudagur, 18. janúar 2023
UST202301-099/S.K.
04.02

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um tóbak - Umsögn Umhverfisstofnunar

Vísað er til bréfs dags. 6.1.2023 þar sem nefndasvið Alþingis sendi Umhverfisstofnun frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002 (innihaldsefni, umbúðir o.fl.), 530. mál, til umsagnar.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir efni og innihald frumvarpsins. Frumvarpið gefur ekki tilefni til athugasemda af hálfu stofnunarinnar nema að einu leyti. Sú athugasemd snýr að 3. gr. frumvarpsins þar sem lögð er til breyting á 3. gr. laga um tóbaksvarnir.

Í tillögunni felst að lagt er til að ákvæði sem kveður á um að lögin fjalli ekki um eiturefni „samkvæmt lögum um eiturefni og hættuleg efni“ falli brott. Í 3. gr. tóbaksvarnarlaganna, nr. 6/2002, er vísað til laga um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, með síðari breytingum, voru felld brott árið 2013 við gildistöku efnalaga, nr. 61/2013. Breyting á þessari tilvísun sem lögð er til í frumvarpinu er því óumflýjanleg og góð tíðindi. Þessi sama breytingartillaga sem er lögð til á 3. gr. frumvarpsins hefur á sama tíma þann galla að ekki er tekið á því hvernig lögin taka á vörum sem kunna að heyra einnig undir aðra löggjöf. Sem dæmi má nefna í jaðartilvikum geta afurðir tóbaksjurtarinnar reynst heimil í vörum sem efnalög fjalla um. Er þar sérstaklega átt við snyrtivörur, en samkvæmt reglum ESB um snyrtivörur, sem innleiddar eru í íslenskan rétt með efnalögum og reglugerðum sem stoð eiga í þeim lögum, eru kjarnar úr jurtum af tóbaksætt (e. tobacco extracts) leyfileg innihaldsefni í snyrtivörum markaðssettum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Af þessum sökum leggur Umhverfisstofnun til að við 3. gr. frumvarpsins verð bætt sérstakri tilvísun þar sem fram kemur að lögin gildi ekki um tóbaksafurðir eða vörur sem falla undir efnalög. Nefnd grein frumvarpsins gæti því hljómað svo:

3. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um vörur sem innihalda tóbak og tengdar vörur. Lögin gilda ekki um tóbak sem notað er sem lyf samkvæmt lyfjalögum, vörur sem falla undir lög um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur eða vörur sem falla undir efnalög.

Fulltrúar stofnunarinnar eru reiðbúnir að koma á fund velferðarnefndar og fara nánar yfir efni umsagnarinnar verði eftir því leitað.

Virðingarfyllst,

Sindri Kristjánsson,
lögfræðingur

Fífa Konráðsdóttir,
séi fræðingur